

ur komið, öryggi þeirra, sem við vélar og önnur hættuleg tæki vinna. Hlýtur oft að koma til greina í starfi starfsmanna Verksmiðju- og vélaeftirlitsins mat á því, hvort tiltekinn umbúnaður eða frágangur tækja sé fullnægjandi. Og þó að starfsmönnum kunni að skjátlast í mati sínu á hættumöguleikum, verður að telja, að slíkt eigi ekki að draga úr eða leysa atvinnurekendur undan ábyrgð á tækjum sínum og umbúnaði þeirra.

Að þessu athuguðu og þar sem ekki verður annað séð en áður greint vottorð Verksmiðju- og vélaeftirlitsins varðandi umbúnaðinn hjá stefnanda hafi verið gefið í góðri trú um það, að umræddur ás væri, eftir því sem á stóð, hættulaus, þykja ekki nægileg rök hníga að því að leggja fébótaábyrgð á stefnda af þessu efni.

Úrslit máls þessa verða því þau, að stefndi verður sýknaður af kröfum stefnanda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Elli- og hjúkrunarheimilisins Grundar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 49/1956. **Ákærvaldið** (Lárus Jóhannesson hrl.)

gegn

**Vilhjálmí Elíasi Þórhallssyni**

(Ragnar Jónsson hrl.).

#### Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Ölvun við bifreiðarakstur.

#### Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 15 daga. Að öðru leyti ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1000.00 til hvors.

#### Dómsorð:

Ákærði, Vilhjálmur Elías Þórhallsson, sæti varðhaldi 15 daga.

Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Lárusar Jóhannessonar og Ragnars Jónssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Akureyrar 24. janúar 1956.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. þ. m., er höfðað hér fyrir dómi með ákæru, dags. sama dag, gegn ákærða, Vilhjálm Elíasi Þórhallsyni bifreiðarstjóra, Þórunnarstræti 121 hér í bæ, fyrir að hafa aðfaranótt mánudagsins 26. janúar s. l. ekið bifreiðinni A 848 frá Hafnarstræti 98 hér í bæ upp í Þórunnarstræti og að mótum þeirrar götu og Hamarstígs í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og fyrir að vera undir áhrifum áfengis við aksturinn í greint sinn. Telst þetta varða við ákvæði 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 23. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23 1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 1951 um breyting á þeim lögum, og 2. mgr. 4. gr. sbr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24 1941. — Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar ökuréttinda samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Finnastöðum í Grýtubakkahreppi 7. ágúst 1929. Hann var á Akureyri dæmdur 31. desember 1953 í 1000 króna sekt og sviptur ökuréttindum í 6 mánuði fyrir brot á áfengislögum, bifreiðalögum og umferðarlögum. Að öðru leyti hefur hann ekki fyrr sætt kæru eða refsingu fyrir neitt afbrot, svo vitað sé.

Málavextir eru þessir. Aðfaranótt mánudagsins 26. desember s. l. kom Sigurður Eiríksson lögregluþjónn að í lögreglubifreiðinni,

þar sem ákærði hafði fest bifreið sína, A 848, sem er nýleg fólksflutningabifreið, í snjónum, en mikil fannkoma hafði verið um nóttina. Það ákærði lögreglumanninn að kippa í bifreiðina fyrir sig, en þar sem hann þótti sýnilega ölvaður, var hann fluttur í lögregluvarðstofuna. Gísli Ólafsson varðstjóri á heima þarna skammt frá, og náði Sigurður til hans, og kom hann á staðinn og fylgdi þeim ákærða og Sigurði í varðstofuna og tók skýrslu af ákærða, eftir því sem hægt var, en hann reyndist mjög ruglingslegur í framburði sínum. Fenginn var læknir til að taka blóð úr ákærða, en hann þverneitaði því, og varð eigi úr blóðtökunni.

Ákærði hefur sjálfur skýrt þannig frá málsatvikum: Hann hafði um kvöldið verið heima hjá Þorleifi Sigurbjörnssyni í Gránufélagsgötu 41, og spilaði hann á hljóðfæri fyrir heimilisfólkið og gesti, er þar voru. Hann fór svo, að því er hann áleit, á síðari tímanum í 2.00 ásamt Eini Þorleifssyni, syni fyrrnefnds Þorleifs, og fóru þeir í herbergi Einis, Hafnarstræti 98. Hann dvaldist þarna dálitla stund, en fór svo út, en mundi ekki, hvort Einir hafði þá farið með honum eða ekki. Bifreið ákærða, A 848, hafði staðið á bak við síðastnefnt hús allt þetta kvöld, og fór hann fljótlega í hana, eftir að hann kom út, og ók svo stytztu leið til þess staðar, er hann festist á, enda var hann á heimleið. Ekki mundi hann, hvort Einir hafði komið með sér í bifreiðinni, en sagði lögreglunni, að hann hefði ekki verið með, þegar bifreiðin varð föst.

Varðandi áfengisneyzlu um kvöldið og nóttina sagði ákærði, að Þorleifur hefði haft áfengisblöndu á boðstólum, og sagðist hann hafa drukkið svipað af henni og aðrir, en tók fram, að það hefði allt verið í hófi. Aðspurður um, hvort þetta hefði eitthvað svifið á hann, sagði ákærði, að hann teldi, að það hafi ekki verið mikið. Þá hefur ákærði borið það í rétti, að hann áliti, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, þegar bíllinn festist, en sagðist hafa haft fulla stjórn á bifreiðinni. Ekki kvað hann þá Eini hafa haft neitt vín, eftir að þeir fóru frá Þorleifi Sigurbjörnssyni. Enga ástæðu færði ákærði fyrir synjun á blóðtöku, hvorki hjá lögreglunni eða í rétti.

Vitnið Þorleifur Sigurbjörnsson hefur skýrt svo frá því, að ákærði hafi komið heim til hans greint kvöld með syni vitnisins og hafi þeir dvalizt þar fram um miðnætti ásamt fleiri gestum, en þá hafi fólk þetta farið og hafi hann ekkert fylgzt með ákærða eftir það. Þá skýrði vitnið frá því, að vín hefði verið haft um hönd hjá honum þetta kvöld og hafi ákærði tekið þátt í neyzlu þess eins og aðrir, og jafnframt sagði vitnið, að því hefði virzt sem

ákærði hefði neytt áfengis, áður en hann kom. Vitnið sagði, að því hefði eigi virzt ákærði vera mikið drukkin, þegar hann fór, en það hafi mátt sjá það á honum. — Vitnið Einir Þorleifsson hefur borið eins og ákærði og Þorleifur um dvöl þeirra ákærða á heimili Þorleifs og sagði, að Þorleifur hefði verið með léttu vínblöndu heima og hefði ákærði tekið þátt í neyzlu þess eins og aðrir. Einnig sagði vitnið, að þeir hefðu verið búnir að smakka lítilsháttar vín, áður en þeir hefðu komið til Þorleifs. Vitnið hélt, að klukkan hefði verið milli 1 og 2 um nóttina, þegar þeir fóru frá Þorleifi, og hafi þeir farið upp að Hafnarstræti 98 og hafi vitnið farið þar inn og hafi þá skilizt leiðir með þeim, og sagðist vitnið búast við, að Vilhjálmur hafi þá farið í bifreið sína, sem verið hafði þar bak við húsið, en vitnið sagðist þá hafa varað hann við því. Vitnið sagði, að ákærði hafi í þetta sinn verið eitt-hvað kenndur, en það hafi ekki verið mikið. — Vitnið Gísli Ólafsson varðstjóri, sem tók skýrslu af ákærða um nóttina, hefur borið, að hann hafi greinilega verið undir áhrifum áfengis og hafi það einkum lýst sér í ógreinilegu málfari, endurtekningum og að framburður hans hafi verið mjög á reiki og að ákærði hafi ekki virzt taka eftir því, að vél bifreiðarinnar væri í gangi, þótt allir mættu heyra, að svo væri. — Vitnið Sigurður Eiríksson lögregluþjónn hefur borið svohljóðandi: Vitnið kom að bíl ákærða í Þórunnarstræti, þar sem hann hafði fest bílinn við að lenda út úr aðalhljólförunum á götunni. Vitnið sagði, að augljóst hafi verið, að ákærði hafi verið mikið drukkin í þetta sinn, enda hafi hann verið mjög óstyrkur á fótunum, og þegar vitnið spurði hann, hvernig hann hefði gengið frá bílnum, sagði hann, að hann hefði slökkt og sett bílinn í gír, en við athugun reyndist hann vera í gangi. Enn fremur var skýrsla hans sífelldar endurtekningar og mjög ruglingsleg.

Eins og gögnum máls þessa hefur nú verið lýst, telur rétturinn, að upplýst sé með játningu ákærða og skýrslum vitna, að ákærði hafi í greint sinn ekið bifreiðinni A 848 í beinu framhaldi af neyzlu áfengis og að hann hafi verið ölvaður, þegar hann var að keyra bifreiðina greinda nótt, og varðar atferli þetta við laga-ákvæði þau, er í ákæru greinir og að framan eru rakin. Þykir refsing ákærða samkvæmt 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954, 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, sbr. 2. gr. laga nr. 6 1951 og 14. gr. umferðarlaga nr. 24 1941 með tilliti til þess, að um ítrekun er að ræða, hæfilega ákveðin 10 daga varðhald. Þá þykir rétt með tilliti til þess, sem nú hefur verið sagt, að dæma ákærða til

sviptingar bifreiðarstjóraréttinda ævilangt. Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

**Dómsorð:**

Ákærði, Vilhjálmur Elías Þórhallsson, sæti 10 daga varðhaldi. Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá 28. desember 1955. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 300.00 í talsmannslaun til Jóns Sveinssonar héraðsdómslögmanns.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1957.

Nr. 160/1956 **Ákæruvaldið** (Baldvin Jónsson hrl.)

gegn

**Guðmundi Guðjónssyni**

(Guðlaugur Einarsson hdl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómararnir Jón Ásbjörnsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skilyrði til refsingar samkvæmt 2. mgr. 200. gr., sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 19/1940, talin eigi vera fyrir hendi. Umferðarbrot.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta hann að öðru en því, að refsing ákærða fyrir brot gegn umferðarlögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur ákveðst 500 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald 3 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að ákærði greiði  $\frac{1}{3}$  hluta og rikissjóður  $\frac{2}{3}$  hluta áfrýjunarkostnaðar málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.